

Mörkin horfin





Þessi bók er í 5. flokki samkvæmt
þyngdarflokkun Menntamálastofnunar.



Mörkin horfin

ISBN 978-9979-0-2567-2

© 2007 texti: Iðunn og Kristín Steinsdætur

© 2007 teikningar: Lóa Hlín Hjálmtýsdóttir

Ritstjóri: Sýlvía Guðmundsdóttir

1. útgáfa 2007

Menntamálastofnun

Reykjavík

Útlit og umbrot: Námsgagnastofnun

Prentun: Viðey ehf.




Jonni



Hildur



Jóna




Tómas



Silja


Það er vetur og jólafríð er nýbúið.
Þegar krakkarnir koma í skólann
sjá þeir að eitthvað hefur breyst.
Nú fá þeir um nóg að hugsa.



Alli



Mörkin horfin



Jonni: Alli, Alli! Komdu og sjáðu!

Alli: Ég er að koma.

Hildur: Hvar eru fótboltamörkin?

Alli: Mörkin? Já, hvar eru mörkin?

Jonni: Það eru engin mörk!

Alli: En þau voru hérna fyrir jól.

Hildur: Þeim hefur verið stolið í frínu.

Alli: Oh, og við eigum völlinn í dag.

Jonni: Sjáið þið? Þjófarnir hafa ekkert skemmt.

Hildur: Nei, þeir bara tóku þau.

Alli: Við verðum að búa til fótboltamörk.

Hildur: Við verðum að finna þjófana.

Alli: En við eigum völlinn í dag!

Hildur: Strákar, strákar, sjáið þið.
Körfurnar eru líka horfnar!

Jonni: Þetta eru nú meiri árans þjófarnir!

Hildur: Þeir gætu verið stórhættulegir.

Jonni: Kannski með byssu.

Alli: Það var brotist inn hjá Dúddu frænku
og öllu stolið þegar hún var
á Kanarí um jólin.

Hildur: Eigum við að tala við lögregluna?





Leit að sporum

Tómas: Af hverju varst þú að lemja Eyþór?

Jonni: Hann sparkaði í mig, þetta fífl.

Tómas: Af hverju sparkaði hann í þig?

Jonni: Hann var fyrir mér svo að ég ýtti honum frá. Þá varð hann brjálaður.

Tómas: Þú áttir að hlaupa framhjá honum.

Jonni: Ég var að flýta mér. Það er búið að stela mörkunum. Ég er með stækkunargler til að leita að sporum.

Tómas: Vá, ertu búinn að finna eitthvað?

Jonni: Nei, ég var rétt að byrja þegar þú fórst að trufla mig.

Tómas: Þú áttir samt ekki að hrinda Eyþóri.

Jonni: Hann bara datt á hausinn. Svo sparkaði hann í mig. Ég fékk mar á fótinn.

Tómas: Þú byrjaðir.

Jonni: Hvað er að þér? Ég ætlaði ekkert að meiða hann.


Tómas: Þá skaltu biðja hann fyrirgefningar.

Jonni: Æi, það er svo asnalegt.

Tómas: Ég kem með þér.

Jonni: Og svo förum við og leitum að sporum.

Tómas: Frábært. Við finnum þjófinn pottþétt.





Bók eða bolti

Silja: Úff, það er svo erfitt að fletta.

Jóna: Hvað ertu að lesa?

Silja: Ráðagóðu stelpuna.

Jóna: Er þér ekki kalt?

Silja: Alveg ferlega en ég má ekki vera inni.

Jóna: Mér finnst það svo asnalegt.

Silja: Mér líka. Það eru allir reiðir af því að mörkin eru horfin. En svo gerir ekkert til þó að sá sem les krókni úr kulda.

Jóna: En það er samt fúlt að þjófarnir skuli stela frá okkur.

Silja: Ég vona bara að þeir steli ekki bókunum á bókasafninu.

Jóna: Ég held að bjalla fari í gang ef einhver brýst inn í skólann.

Silja: Gott. Eigum við að hlaupa svolítið?

Jóna: En bókin er svo þung

Silja: Uss, ég er alltaf að lyfta lóðum heima.
Sá sem les mikið verður að æfa vöðvana.
Við mamma gerum það á hverjum degi.

Jóna: Vá, má ég vera með?

Silja: Allt í lagi, við byrjum klukkan sex.

Jóna: Ég kem.





Dularfull spor

Hildur: Þetta er eftir mjög stóran skó, hann er grófur að neðan, pottþétt karlmaður.

Alli: Komdu með stækkunarglerið.

Hildur: Kennarinn lánaði mér það.

Alli: Jonni var búinn að fá það lánað.

Hildur: Það var í síðustu frímínútum.



Tómas: Eruð þið búin að finna eitthvað?


Hildur: Ég fann dularfull spor.
Ég held þau liggi þangað.

Alli: Hvar fékkst þú stækkunargler?

Tómas: Hjá Lilju ritara.

Alli: Þið eruð bæði með stækkunargler en ekki ég. Samt er ég bestur í fótbolta.





Hildur: Hahh, ég er sko miklu betri en þú.


Tómas: Alli, þú mátt vera með mér.

Alli: Nei, ég vil fá þitt stækkunargler.
Þú getur ekkert í fótbolta.

Hildur: Það er rétt. Láttu Alla fá
stækkunarglerið.

Tómas: Ha, ha, ha. Þið eruð best í fótbolta
en ég er besta leynilöggreglan.
Þess vegna ætla ég
að hafa stækkunarglerið.





Á fjórum fótum

Jóna: Af hverju ert þú ekki að leita?

Jonni: Mér er svo illt í hnjúnum.

Jóna: Það eru líka bara kindur og kýr sem ganga á fjórum fótum.

Jonni: Og hestar og kettir og hundar.

Jóna: Ef við hefðum hund gætum við fundið þjófana.

Jonni: Af hverju?

Jóna: Þeir finna lykt og rekja slóð.

Jonni: Það er hundur heima hjá Alla. Við komum með hann á eftir.

Jóna: Á Alli hund?

Jonni: Já, rosa stóran.

Jóna: Ooo, hvað hann á gott, ég á bara hamstur.

Jonni: Ég á páfagauk.

Jóna: Ég sá bíómynd þar sem hundur náði þjófi. Það var reyndar lögregluhundur.

Jonni: Sámur hans Alla er örugglega betri en lögregluhundur.

Jóna: Ég er ekki viss, við getum prófað.

Jonni: Ég vildi að skólinn væri búinn.

Jóna: Komdu að hlaupa, þá líður tíminn hraðar.

Jonni: Æ, ég finn svo til í hjánum.





Masað í matsalnum

Jóna: Oj bara fiskur! Við fengum kjöt allt jólafríið.

Alli: Við líka. Og Loki át yfir sig. Hann varð alveg fárveikur.

Jóna: Mikið áttu gott að eiga hund.

Alli: Hann er frábær, bara að verða dálítið gamall.

Hildur: Finnur hann lykt?

Alli: Það held ég. Hann þefar af öllum sem koma heim.

Hildur: Spennandi að vita hvort hann finnur þjófana.

Jóna: Það eru engir þjófur.

Hildur: Hvar eru þá mörkin?

Jóna: Inga kennari segir að þeim hafi ekki verið stolið.

Alli: Eins og hún viti eitthvað um það, nennir aldrei í fótbolta.

Hildur: Hvar er Siggí húsvörður?
Hann veit þetta pottþétt.

Alli: Úti á Kanarí. Eins og Dúdda frænka.
En Loki finnur þjófana og ég fæ borgað.


Hildur: Lögreglan á nóg af peningum.

Jóna: Af hverju á lögreglan að borga?

Hildur: Auðvitað fundarlaun.

Alli: Svo kaupi ég allt nammi
sem mig langar í.

Hildur: Æðislegt.





Fiskibollur í brúnni sósu

Silja: Ummm fiskibollur!

Tómas: Uppáhalds maturinn minn.

Silja: Hvaða bók er þetta?

Tómas: Strákarnir okkar. Hún er um handbolta.

Silja: Af hverju ert þú að lesa hana?
Þú ert aldrei í boltanum.

Tómas: Æ, það er alltaf verið að rífast.

Silja: Það eru nú alltaf sömu krakkarnir
sem rífast og hrekkja.

Tómas: Þeim sem hrekkja líður eitthvað illa.
Það segir amma.

Silja: Ha?

Tómas: Þegar þrír stórir strákar réðust á
Tuma bróður sagði hún að þeim
líði illa inni í sér. Svo hringdi hún
í pabba þeirra og mömmu.

Silja: Og hvað svo?



Tómas: Amma sagði þeim að tala meira við börnin sín.

Silja: Að hún skyldi þora.

Tómas: Hún er sálfræðingur.

Silja: Ég vildi að einhver sálfræðingur talaði við alla sem hrekkja og stríða.

Tómas: Já, og svo væru allir góðir vinir. Ég ætla að fá mér fleiri bollur.

Silja: Ég líka.



Gróf för

Jonni: Stopp, stopp! Ekki stíga þarna!

Silja: Hvað meinarðu?

Jonni: Ertu blind? Sérðu ekki förin?

Silja: Jú, það eru för eftir bíl í drullunni.

Jonni: Dekkin eru gróf og förin eru djúp.


Silja: Hvað með það?

Jonni: Það gæti verið sá sem var notaður þegar mörkunum var stolið.

Silja: Það er ekkert víst að þeim hafi verið stolið.

Jonni: Auðvitað var þeim stolið.
Hér eru greinilega för eftir bílinn.

Silja: Fyrst þarf að rannsaka málið og sanna eitthvað.



Jonni: Ég er að reyna það.
Skilur þú ekki neitt?


Silja: Og ég er að flýta mér heim.
Skilur þú ekki neitt?

Jonni: Af hverju ertu svona mikið
á móti þessari rannsókn?
Ertu kannski með leyndarmál
sem þú vilt segja mér frá?

Silja: Hvaða leyndarmál?

Jonni: Á pabbi þinn ekki vörubíl með
svona dekkjum? Vantaði ykkur
nokkuð notuð mörk í bústaðinn?

Silja: Ég nenni ekki að tala við þig
lengur, asninn þinn.



Þjófur

- Jóna: Af hverju hljóp Silja á undan þér?
- Jonni: Æ, hún var bara fúl.
- Jóna: Varstu að stríða henni?
- Jonni: Nei, ég sýndi henni för eftir bílinn sem þjófarnir keyrðu mörkunum á. Hún trúir ekki að þeim hafi verið stolið.
- Jóna: Það er alveg rétt hjá henni. Við höfum engar sannanir.
- Jonni: Víst, pabbi hennar á vörubíl með svona dekkjum.
- Jóna: Heldurðu í alvöru að Kalli pabbi hennar Silju sé þjófur?
- Jonni: Það eru nú alltaf verið að stela. Eins og hjá Dúddu frænku hans Alla.
- Jóna: Sagðir þú þetta við Silju?
- Jonni: Já, eiginlega



Jóna: Enginn maður er þjófur fyrr en sekt hans er sönnuð. Pabbi segir það. Hann er dómari. Silja getur kært þig og þú ferð í fangelsi.


Jonni: Hún kærir mig örugglega ekki neitt.

Jóna: Ég mundi gera það.
Biddu hana fyrirgefningar.

Jonni: Alltaf þetta fyrirgefa!

Jóna: Þú verður að gera það.
Eigum við að bjóða Silju
að vera með okkur að leita?

Jonni: Æi, ég þarf til tannlæknis!



Sámur blundar

Hildur: Af hverju er Sámur í kerru?

Alli: Hann má ekki vera þreyttur þegar hann fer að elta þjófana.

Jóna: Hvaða þjófa?

Hildur: Þegiðu og farðu heim ef þú þarft alltaf að láta svona! Alli taktu hann upp úr kerrunni. Hann á að leita.

Alli: Komdu Sámur minn, komdu. Æ, hann er sofnaður.

Hildur: Vektu hann þá!

Jóna: Sérðu ekki hvað hann er þreyttur?

Alli: Hann hefur kannski gott af því að sofa í smástund áður en hann fer að hlaupa.

Hildur: Rekjum spor á meðan.

Jóna: Ég ætla að passa Sám.

Alli: Ertu með vasaljós?

Hildur: Auðvitað. Komdu Jóna.
Það þarf ekki að passa Sám,
hann hrýtur hærra en afi.

Alli: Eigum við að taka sýni eins og
lögreglan gerir?

Hildur: Já, ertu með plastpoka?

Alli: Nei, við setjum þau bara í vasann.

Jóna: Usssss! Það er einhver að koma.


Hildur: Stór bíll. Fleiri þjófar

Alli: Eins gott að Sámur er með.





Mörkin fundin



- Alli: Hvað er í bílnum?
- Hildur: Ég sé það ekki. Eigum við að sleppa Sámi lausum?
- Jóna: Hann sefur.
- Alli: Komið þið. Við kíkjum á þetta.
- Hildur: Bíddu. Það eru mörkin okkar!
- Alli: Þjófarnir eru að skila þeim aftur!
- Jóna: Það er enginn maður þjófur fyrir en sekt hans er sönnuð.
- Alli: Hvað eru karlarnir eiginlega að gera?
- Hildur: Festa mörkin.
- Alli: Körfurnar eru líka komnar!
- Hildur: Þeir skila þessu í myrkrinu svo enginn viti hvað þeir eru að gera.
- Jóna: Sjáið þið ekki hvað stendur á bílnum?

Alli: Þeir geta verið á stolnum bíl.

Jóna: Við gerð Guðmundar ehf.
Karlarnir voru bara að gera við mörkin.

Alli: Já, netið var líka allt götött.

Hildur: Ohh, og við áttum völlinn í dag.

Alli: Við heimtum að eiga hann á morgun!

Jóna: Ég þarf að drífa mig til Silju að lyfta.

Hildur: Er Silja að lyfta lóðum?

Jóna: Já, með mömmu sinni.

Alli: Ætli við megum vera með?

Jóna: Við getum prófað. Komið þið!





Silja



Jonni



Hildur



Jóna



Tómas



Alli

Leikendur:

Mörkin horfin: *Alli, Hildur, Jonni* bls. 2

Leit að sporum: *Jonni, Tómas* bls. 4

Bók eða bolti: *Jóna, Silja* bls. 6

Dularfull spor: *Alli, Hildur, Tómas* bls. 8

Á fjórum fótum: *Jonni, Jóna* bls. 10

Masað í matsalnum: *Alli, Hildur, Jóna* bls. 12

Fiskibollur í brúnni sósu: *Tómas, Silja* bls. 14

Gróf för: *Jonni, Silja* bls. 16

Þjófur: *Jonni, Jóna* bls. 18

Sámur blundar: *Alli, Hildur, Jóna* bls. 20

Mörkin fundin: *Alli, Hildur, Jóna* bls. 22

Til kennara og foreldra!

Með Smábókaflokki Menntamálastofnunar er leitast við að höfða til ólíkra áhugasviða barna með texta sem er innihaldsríkur þrátt fyrir einfalda framsetningu. Lögð er áhersla á að bækurnar höfði bæði til tilfinninga og rökhugsunar og ekki síst kímniáfu lesenda. Á vefsíðunni (www.mms.is/smabok/smabok.htm) eru fjölbreyttar kennsluhugmyndir með bókunum sem henta bæði í einstaklingsvinnu og hópvinnu.

Mörkin horfin er ólík öðrum smábókum sem hafa komið út en sagan er sett upp í leikrits-eða samlestrarformi. Efnið mætir m.a. þeim markmiðum aðalsnámskrár í íslensku að við lok 4. námsárs eigi nemandi að hafa skýran og áheyrilega framburð, hafa lesið og leikið texta af ýmsum gerðum og vera fær um að tjá sig frammi fyrir hópi.

Kaflarnir eru stuttir og auðvelt fyrir nemendur að ljúka lestri hvers kafla og skipta um hlutverk. Bókina má einnig nota í heild, t.d. setja upp sem bekkjarleikrit.

Þótt bókin bjóði upp á samlestur hindrar það ekki að nemendur lesi hana hver fyrir sig.

Áður en bókin er lesin

Áður en lestur hefst er mikilvægt að nemendur skoði bókina, ræði um hana og kynni sér

- hverjir höfundar eru
- hver teiknað hefur myndirnar
- hvað heitir bókin, þ.e. titill
- um hvað hún gæti fjallað.

Einnig ættu nemendur að skoða vel myndirnar og gera sér persónurnar í hugarlund, nöfn þeirra og ólík persónueinkenni. Á þann hátt er auðveldara að fylgja hlutverkunum og texta við lesturinn.

Umræðuefni

Bókin gefur tilefni til að ræða um mismunandi viðbrögð einstaklinga við sama atviki og hættur sem fylgt geta fljótfærni í dómum.

Frásögn og ritun

- Bókin er tilvalin til að þjálfna nemendur í endursögn. Stuttir kaflarnir og samtalsformið kalla á að nemendur segi frá með eigin orðum og ihugi hvernig þeir skipuleggja frásögnina.
- Æskilegt er að nota samtalsformið sem fyrirmynd og hvetja nemendur til að semja eigin leikrit.

Hvetja skal nemendur til að breyta samtölunum í samfellda, skriflega frásögn. Taka má fyrir einn eða tvo kafla í einu eða söguna í heild, eftir því hvað hver og einn ræður við. Hugarkort eða frásagnarrámmar geta verið nemendum mikill stuðningur við að skipuleggja ritun.



Mörkin horfin

Jólafríð er búið
og krakkarnir komnir
aftur í skólann.

En það hefur eitthvað breyst
á skólalóðinni.

Lestu um hvað hafði breyst
og hvað krakkarnir gera.

Smábækur Menntamálastofnunar
eru ætlaðar börnum sem eru
að æfa lestur.

Höfundar texta eru lðunn og Kristín Steinsdætur.
Lóa Hlín Hjálmtýsdóttir teiknaði myndir.



MENNTAMÁLASTOFNUN

40308